



**ÓLGA, kynjaslangan er
ungmennabók sem byggir
á þjóðsagnaarfi Íslendinga.
Bókin er sjálfstætt framhald**



**fyrri bóka ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan og
ÓRÓI, krunk hrafnanna.**

Hrafnklukka heldur því fram að Kormákur álfakonungur sé enn á lífi en álfasystkinin Sýlvía og Brjánn trúa því ekki og sú togstreita veldur upplausn í vinahópi Svandísar.

Andspyrnuflokkur innan skuggaheima reynir að koma foringjanum frá völdum en barátta skugga og huldufólks nær hæstu hæðum og út brýst blóðug styrjöld. Galdraseyði, galdrapulur, lífsteinar og jarðhræringar koma við sögu þegar þarf að kljást við stórhættulega kynjaslöngu mitt í hatrömmum deilum tveggja heima.

Á lokaári í grunnskóla styrkjast vinaböndin og ýmsar áleitnar spurningar banka upp á hjá unglingunum um ástina og lífið.

Líkt og í fyrri bókum eru tvær hliðarsögur sem fléttast inn í aðal söguna. Lesendur fylgjast með sögu þar sem sagt er frá því hvernig lyngormi er breytt í stórhættulega kynjaslöngu og frá veru gamals manns meðal haffólks.

Sagan er sjálfstætt framhald bókanna, ÓGN, ráðgátan um Dísar-Svan og ÓRÓI, krunk hrafnanna og byggir, líkt og fyrri bækur, á þjóðsagnaarfi Íslendinga. Nú eru það vatnaskrímsli og haffólk sem höfundurinn, Hrunn Hlöðversdóttir, tengir ævintýrum unglinganna.

Í bókinni fylgjast lesendur með sömu sögupersónum og í fyrri bókum þeim Svandísi, Láru, Hrafnklukku, Brjáni Sýlvíu og Þráni.

Söguvið bókarinnar er undir Hraundranga í Öxnadal.

Skemmtileg gönguleið er upp að Hraunsvatni og tilvalið er fyrir fjölskyldur

eða skólahópa að fara upp að vatni og upplifa umhverfi ævintýrisins.

Hægt er að ganga frá bænum Hálsi og er stikuð leið upp að vatninu.

Gangan tekur um u.þ.b. 50 mínútur hvora leið.

